



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR - 6. september 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 73. fundar þriðjudaginn 6. september 2005 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Umhverfisverðlaun 2005.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 25. ágúst.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 1. september.
4. Fundargerð hafnar- og veitunefndar frá 6. júlí.
5. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 21. ágúst.
6. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 22. ágúst.
7. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 30. ágúst.
8. Ákvörðun um byggingu sparkvallar.

Afgreiðslur:

1. Umhverfisverðlaun 2005.
Jón Sigurðsson, formaður skipulags- og byggingarnefndar kynnti hverjir hlytu umhverfisverðlaun Blönduóssbæjar í ár.
 - a) Nefndin leggur til að hjónin Ágúst Þór Bragason og Guðrún Inga Benediksdóttir, Brekkubyggð 15 hljóti viðurkenningu fyrir snyrtilegan og fjölbreyttan garð hvar heildarmyndin er góð og viðhald húss til fyrirmyndar.
 - b) Þá leggur nefndin til að ábúendur og eigendur jarðarinnar Síðu í Refasveit hljóti viðurkenningu fyrir almenna snyrtimennsku og gott viðhald eigna í gegn um tíðina.
Þau Ágúst Þór og Elínborg Ágústsdóttir veittu viðurkenningu fyrir Brekkubyggð 15 viðtöku en engin mætti frá Síðu og var formanni nefndarinnar falið að afhenda þar viðurkenningu. Þá var drukkið kaffi með verðlaunahöfum.
2. Fundargerð 133. fundar bæjarráðs frá 25. ágúst sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 8 liðum. Að loknum umræðum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt með 6 atkv. einn sat hjá.
3. Fundargerð 134. fundar bæjarráðs í 6 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er frá 1. september sl. Fram voru lagðar svohljóðandi tillögur.
 - a) *“Bæjarstjórn samþykkir að ganga til samstarfs við Þór Jakobsson verðurfræðing og Björn G. Björnsson, sýningarstjóra um að koma á fót hafíssetri á Blönduósi. Leitað verði eftir samstarfi við Veðurstofuna. Athugað verði með að nýta Hillebrantshús undir starfsseminu”.*
 - b) *“Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að ganga frá samningi við Listasafn Reykjavíkur vegna afsteypu af listaverkinu “Veðurspámaðurinn” eftir Ásmund Sveinsson á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Haft verði samráð við undirbúningshóp um fjármögnun á verkinu”.*

Fulltrúar Á-listans Þórdís Hjálmarsdóttir og Helga Jónína Andrésdóttir óskuðu eftir að bókað verði svohljóðandi:

a) Vegna liðar 5 c í fundargerðinni. *“Við undirritaðir bæjarfulltrúar Á-listans samþykkjum ekki drög að verksamningi vegna hafísseturs á Blönduósi. Við teljum þetta verkefni of dýrt fyrir bæjarfélag af okkar stærðargráðu og*

peningum betur varið við uppbyggingu og frágang lóða við skólamannvirki með tilliti til sundlaugargarðs og sparkvallar”.

b) Vegna liðar 5 d í fundargerðinni. “Við undirritaðir bæjarfulltrúar Á-listans samþykkjum ekki kaupsamning Listasafns Reykjavíkur – Ásmundarsafn að Veðurspámanninum, listaverki unnið í brons. Við teljum þetta verkefni of dýrt fyrir bæjarfélag af okkar stærðargráðu og peningum betur varið við uppbyggingu og frágang lóða við skólamannvirki með tilliti til sundlaugargarðs og sparkvallar”.

Forseti bar upp tillögu a). Hún var samþykkt með 5 atkv. 2 voru á móti. Þá bar forseti upp tillögu b). Hún var samþykkt með 5 atkv. 2 voru á móti. Loks bar forseti upp fundargerðina í heild sinni, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

4. Fundargerð hafnar- og veitunefndar í 3 liðum frá 6. júlí sl. kynnt og tekin til umræðu. Svohljóðandi tillaga var lögð fram við lið 2a í fundargerðinni. “Bæjarstjórn samþykkir ekki aukafjárveitingu sem fram kemur í lið 2a”. Tillagan borin upp og samþykkt með 6 atkv. 1 sat hjá. Þá bar forseti fundargerðina með áorðinni breytingu upp. Hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundargerð landbúnaðarnefndar í 3 liðum frá 21. ágúst sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða
6. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 22. ágúst í 3 liðum kynnt og afgreidd. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða
7. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 30. ágúst sl. í 6 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Sigurður Jóhannesson óskar eftir að bókað sé að hann situr hjá við afgreiðslu 1. liðar fundargerðarinnar. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. með fyrrgreindum fyrirvara Sigurðar.
8. Ákvörðun um byggingu sparkvallar. Fram lögð svohljóðandi tillaga: “Bæjarstjórn samþykkir að byggður verði sparkvöllur á lóð grunnskólans. Leitað verði eftir samstarfi við KSÍ um byggingu vallarins”. Forseti bar tillöguna undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

Forseti bar upp tillögu um að tekinn verði upp liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það samhljóða.

Önnur mál.

Rætt var um framkvæmdir á vegum bæjarins s.s. við leikskóla, lóð grunnskóla og um sundlaug.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00.

Valgarður Hilmarsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Ágúst Þór Bragason
Sigurður Jóhannesson
Þórdís Hjálmarsdóttir
Helga Jónína Andrésdóttir

Ragnar Ingi Tómasson